



## Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 79. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á  
fjarfundi,  
14. janúar 2020, kl. 16:00.**

### Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson fulltrúi sveitafélags, Ásta Berghildur Ólafsdóttir fulltrúi sveitafélags, Karl Ingólfsson fulltrúi útivistarfélaga, Bjarki Vilhjálmur Guðnason varamaður fulltrúa sveitafélags, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Eiríksdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 1. Verkaskipting svæðisráðsfulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 2001002

*Verkaskipting svæðisráðsfulltrúa. Nýr formaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og varaformaður Árni Pétur Hilmarsson. Svæðisráðið þakkar fráfarandi fulltrúum fyrir vel unnin störf.*

### 2. Fundaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 1911001

*Fundaráætlun samþykkt.*

### 3. Stjórnunar- og verndaráætlun VJÞ 2020 - 2023 - 1909029

*Þjóðgarðsverði og aðstoðarmanni falið að fara yfir gildandi Stjórnunar- og verndaráætlun og taka saman yfirlit yfir atriði sem þarfnast endurskoðunar. Yfirlit verður sent á svæðisráð fyrir næsta fund, Nefndarmenn búa sig undir að byrja umfjöllun um endurskoðun á næsta fundi. Ákveðið að stefna að vettvangsferð svæðisráðs í Vonarskarð í ágúst.*

### 4. Vonarskarð - 1709013

*Drög að svari við fyrirspurn Hauks Eggertssonar, formanns laganefndar LHM, um bann við hjólreiðum í Vonarskarði.*

*Drög að bréfi lögð fram fyrir svæðisráð. Svæðisráð ákveður að þjóðgarðsvörður sendi bréfið til Hauks. Karl Ingólfsson óskar eftir að bókað verði að hann telji þetta ekki fullnægjandi svar.*

Fundi slitið kl. 17:30.

**Fundargerð ritaði:** Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.